

SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á NORÐURLANDI VESTRA



ÁRSSKÝRSLA

2022

## Efnisyfirlit

Starfsfólk SSNV 2022 .....	2
Stjórn SSNV 2022-2024 .....	3
Skýrsla stjórnar fyrir árið 2022 .....	4
Sóknaráætlun Norðurlands vestra 2022 .....	8
Atvinnuþróun .....	11
• Samstarf á vettvangi ferðaþjónustunnar .....	13
• Auknar fjárfestingar .....	17
• Nýsköpun .....	19
Umhverfismál .....	23
Erlend samstarfsverkefni .....	25
Byggðagleraugin .....	27
Samgöngu- og innviðaáætlun .....	28
Framúrskarandi verkefni .....	29
Að koma Norðurlandi vestra og SSNV á kortið .....	31
Ráðstefnur og viðburðir .....	32
Ársreikningur SSNV 2022 .....	35

## STARFSFÓLK SSNV 2022



Davíð Jóhannsson  
*Atvinnuráðgjafi á sviði ferðamála*



Matthías Rúnarsson  
*Skrifstofu- og bókhaldsstörf*



Ólöf Lovísa Jóhannsdóttir  
*Atvinnuráðgjafi á sviði nýsköpunar*



Ástrós Elíasdóttir  
*Verkefnisstjóri sóknaráætlunar og atvinnuráðgjafi á sviði menningar*



Sveinbjörg Rut Pétursdóttir  
*Atvinnuráðgjafi  
Áætlanagerð, rekstur og markaðsmál*



Magnús Barðdal  
*Verkefnisstjóri fjárfestinga*



Katrín M. Guðjónsdóttir  
*Framkvæmdastjóri*



Unnur Valborg Hilmarsdóttir  
*Framkvæmdastjóri  
Lét af störfum í ágúst*

## STJÓRN SSNV 2022-2024



### Kjörin til tveggja ára á aukaárspingi SSNV þann 28. júní 2022

Guðmundur Haukur Jakobsson, formaður  
Vignir Sveinsson  
Friðrik Már Sigurðsson  
Hrund Pétursdóttir  
Jóhanna Ey Harðardóttir

#### **Varastjórn:**

Auðunn Sigurðarson  
Halldór Gunnar Ólafsson  
Magnús Magnússon  
Regína Valdimarsdóttir  
Álfhildur Leifsdóttir

Fráfarandi stjórn: Ingibjörg Huld Þórðardóttir, formaður Álfhildur Leifsdóttir, Þorleifur Karl Eggertsson, Halldór Gunnar Ólafsson og Anna Margrét Sigurðardóttir.

Varastjórn: Ingveldur Ása Konráðsdóttir, Dagný R. Úlfarsdóttir, Ragnhildur Haraldsdóttir, Gunnsteinn Björnsson og Sigurlaug Vordís Eysteinsdóttir

## SKÝRSLA STJÓRNAR FYRIR ÁRIÐ 2022

Árspaning SSNV markar ár hvert ákveðin kaflaskil í starfsemi landshlutasamtakanna. Þar gefst okkur tækifæri til að líta um öxl, líta yfir farinn veg og horfa til framtíðar. Annáll stjórnar SSNV fyrir árið 2022 stiklar á stóru yfir starfsemina á árinu sem einkenndist hvað mest af breytingum.

Sveitastjórnarkosningarnar fóru fram í maí og nýjar sveitarstjórnir tóku við að loknum kosningum. Nýtt fólk kom til starfa á sveitarstjórnarstiginu fullt af dug, velvild og hugmyndum. Þar næst var boðað til auka ársþings landshlutasamtakanna í lok júní þar sem ný stjórn SSNV var kjörin til tveggja ára. Í kjölfarið lét Unnur Valborg Hilmarsdóttir af störfum sem framkvæmdastjóri og er henni þakkað gott starf í þágu landshlutans. Nýr framkvæmdastjóri SSNV, Katrín M. Guðjónsdóttir tók til starfa í september.

Sóknaráætlun landshlutans er nú hálfnuð og er hún okkar stefnuskjal og vegvísir til ársins 2024. Við erum því hálfnuð í þeirri vegferð að ná tilsettum markmiðum. Markmiðin voru í senn í metnarfull og framsækin þar sem við tengdum eigin markmið við sjálf heimsmarkmiðin. Áhersluverkefni SSNV 2022 voru 11 talsins þar af 5 framhaldsverkefni og 6 ný verkefni. Verkefnin eru til tveggja ára og eru nánar kynnt síðar í ársskýrslunni.



30 ára afmælis- og Haustþing SSNV var vel heppnað. Þingið var haldið í Árgarði í Skagafirði föstudaginn 21. október þar sem dagurinn skiptist í þing og síðar í ráðstefnuhluta.

SSNV tók á árinu sæti í sveitarstjórnarvettvangi EFTA til tveggja ára. Sveitarstjórnarstigið hefur mikilla hagsmuna að gæta í EES-samstarfinu og því var sveitarstjórnarvettvangur EFTA settur á fót árið 2010. Í honum eiga sæti tólf kjörnir fulltrúar á sveitarstjórnarstigi frá Noregi og Íslandi og tveir áheyrnarfulltrúar frá Sviss. Samband íslenskra sveitarfélaga, Reykjavíkurborg og landshlutasamtök sveitarfélaga tilnefna fulltrúa af hálfu Íslands. Meginmarkmiðið með vettvanginum er að tryggja þátttöku sveitarstjórnarmanna í EES-samstarfinu og koma á tengslum við Svæðanefnd ESB en hún er skipuð kjörnum fulltrúum á sveitarstjórnarstigi frá ESB ríkjunum og fjallar um tillögur að evrópskri löggjöf og stefnumótun sem varða sveitarstjórnarstigið. Fulltrúi SSNV á samstarfsvettvanginum er Guðmundur Haukur Jakobsson.

Ánægjulegt er einnig að taka fram að SSNV er í fararbroddi í Evrópuverkefnum. Verkefnin tengjast Norðurslóðaáætlun Evrópusambandsins og eiga flest það sameiginlegt að lögð er rík áhersla á sjálfbæra aðferðafræði og tæknilegar lausnir.



### Auknar fjárfestingar á Norðurlandi vestra

Líkt og fyrri ár hefur verið sérstök áhersla á að styðja sveitarfélög við að auka fjárfestingar á svæðinu og skapa ný störf. Magnús Barðdal hefur farið fyrir því verkefni. Óhætt er að fullyrða að góður gangur er í þeim málum og fjölmörg verkefni í farvatninu.

### Nýsköpun

Áfram var lögð áhersla á að efla nýsköpun í landshlutanum og sóknaráætlun landshlutans mælir fyrir um. Í apríl tók Ólöf Lovísa Jóhannsdóttir við starfi atvinnuráðgjafa á sviði nýsköpunar. Víst er að tækifærin eru óþrjótandi og er það hlutverk samtakanna að aðstoða íbúa við að grípa þau og þróa. SSNV var þáttakandi í verkefninu Matsjain ásamt öðrum landshlutasamtökum og Samtaka smáframleiðenda matvæla (SSFM) og fór það fram á fyrsta ársfjórðungi. Verkefnið var styrkt af Matvælasjóð og sneri að því að veita stuðning til matarfrumkvöðla.

Norðanáttin er líka á sínum stað og þar hefur Magnús Barðdal starfað með og stutt frumkvöðla um land allt. Fjárfestingahátíð Norðanáttar var haldin í fyrsta sinn á Siglufirði og var hún lokaskref í nýsköpunarhringrás sem hófst á hraðli, að honum loknum tók við Vaxtarrými. SSNV er aðili að Norðanátt ásamt Eim, SSNE, Nýsköpun í Norðri, Hraðinu og RATA sem sá um þjálfun fjárfesteymanna fyrir kynningarnar á hátíðinni. Samstarfið nær því yfir Norðurland allt og hefur gengið afar vel.

Jafnframt var áfram lögð áhersla á að hvetja frumkvöðla til að sækja um styrki og þau aðstoðuð við styrkumsóknarskrif.

## Upplýsingamiðlun og ráðgjöf

Eins og áður hefur mikið verið lagt upp úr upplýsingamiðlun með ýmsum hætti. Haustfundur ferðapjónustunnar var á sínum stað. Nýsköpunarvikan sem áður hefur verið nefnd var haldin í lok maí. Umsjón með hinum ýmsu fundum að beiðni hins opinbera.

## Starfsfólk

Breytingar urðu á starfsfólkshópi samtakanna á árinu 2022. Unnur Valborg Hilmarsdóttir lét af störfum sem framkvæmdastjóri SSNV. Kolfinna Kristínardóttir, ráðgjafi á sviði nýsköpunar lét einnig af störfum. Er þeim þakkað sitt framlag í þágu landshlutans. Í starf framkvæmdastjóra var ráðin Katrín M. Guðjónsdóttir og í stað Kolfinnu var ráðin Ólöf Lovísa Jóhannsdóttir. Í lok árs voru starfsmenn sjö. Til viðbótar við Ólöfu og Katrínu, er Davíð Jóhannsson, ráðgjafi á sviði ferðamála, Magnús Barðdal, ráðgjafi á sviði fjárfestinga, Matthías Rúnarsson sem sér um bókhald og almenn skrifstofustörf, Sveinbjörg Rut Pétursdóttir, ráðgjafi á fyrirtækjasviði og Ástrós Elísdóttir verkefnastjóri Sóknaráætlunar. Starfsstöðvar samtakanna eru þrjár, aðalskrifstofa á Hvammstanga, á Skagaströnd og á Sauðárkróki. Alla jafna sækir starfsfólk með reglubundnum hætti þá þéttbýliskjarna þar sem ekki eru fastar skrifstofur samtakanna. Ráðgjöf fer einnig fram í gegnum netið.

## Saman erum við sterkari

Stjórn vill þakka starfsmönnum samtakanna fyrir vel unnin störf og ánægjulegt samstarf. Landshlutasamtökin eru frjáls samtök sveitarfélaganna hér á svæðinu sem eru nú orðin fimm talsins og samanstanda af 7.446 íbúum. Starfsfólk og stjórn SSNV starfar alla daga ársins að því marki að byggja upp samfélag sem er eftirsóknarvert í alla staði fyrir okkur öll.



## SÓKNARÁÆTLUN NORÐURLANDS VESTRA 2022

Árið 2022 var þriðja árið af fimm ára samningi um Sóknaráætlun Norðurlands vestra 2020-2024. Framkvæmd samningsins gekk vel. Verkefnisstjóri sóknaráætlunar er Ástrós Elísdóttir.

### Skipting sóknaráætlunar

Sóknaráætluninni er skipt í þrennt:

- Sóknaráætlun landshlutans
- Uppbyggingarsjóður Norðurlands vestra
- Áhersluverkefni.




**SÓKNARÁÆTLUN**  
NORÐURLANDS VESTRA

### Fjármagn

Fjármagn frá ríkinu til samningsins árið 2022 var alls 112.963.496 kr. Við bætist framlag sveitarfélaga á Norðurlandi vestra 7.419.000 kr. Auk þessa voru viðaukasamningar að upphæð 10.000.000 kr. Aðrar tekjur námu 7.140.581 kr. Alls voru þetta 137.523.077 kr.

Skipting fjármagns var sem hér segir:

- Uppbyggingarsjóður 77.025.611 kr., sem skiptist á milli menningarmála og atvinnuþróunar/nýsköpunar
- Áhersluverkefni 37.609.150 kr.
- Viðaukasamningar 10.000.000 kr.
- Umsýsla 12.000.000 kr.
- Óráðstafað 888.316 kr.





## Áhersluverkefni 2022 - framlag úr sóknaráætlun

Áhersluverkefni eru verkefni sem hafa beina skírskotun til sóknaráætlunar landshlutans. Verkefni geta til dæmis verið ráðgjafar- og átaksverkefni á sviði nýsköpunar, menningar og markaðsmála. Áhersluverkefnin skulu samþykkt af stjórn SSNV og þurfa staðfestingu stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál.

Áhersluverkefni árin 2022-2023 sem samþykkt voru af Stýrihópi Stjórnarráðsins um byggðamál 21. mars 2022 eru 11 talsins. Af þeim eru fimm framhaldsverkefni áhersluverkefna síðustu ára og sex ný verkefni.

### Framhaldsverkefni

- Auknar fjárfestingar á Norðurlandi vestra
- Matvælasvæðið Norðurland vestra
- Aukin nýsköpun í kennslu – FabLab
- Barnamenningarhátíð
- Skrifstofusetur



### Ný verkefni

- Stuðningsáttak í ferðaþjónustu
- Landshluti í forystu í loftlagsmálum og heimsmarkmiðum
- Stuðningur við nýsköpun
- Erlend samstarfsverkefni
- Texíl Lab á Blönduósi
- Fjölmeningarkaffi



## Uppbyggingarsjóður Norðurlands vestra

Í starfsreglum úthlutunarnefndar Uppbyggingarsjóðs segir í 1. lið: „7. Nefndin skal árlega skila greinargerð til ársþings SSNV um starf sitt.“ Á síðustu tveimur árum hefur sú breyting orðið á starfsemi nefndarinnar að störf hennar vegna úthlutunar úr Uppbyggingarsjóði hafa færst til og lýkur þeim nú fyrir jól, fyrir úthlutun komandi árs. Hér á eftir fylgir stutt yfirlit fyrir úthlutun úr Uppbyggingarsjóði 2023, sem lauk í desember 2022.

## Úthlutunarnefnd 2022 vegna úthlutunar 2023

Á 6. haustþingi SSNV þann 21. október, 2022 var ný úthlutunarnefnd kjörin til tveggja ára: Ragnhildur Haraldsdóttir, formaður, Hildur Þóra Magnúsdóttir, formaður fagráðs atvinnuþróunar og nýsköpunar, og Elín Lilja Gunnarsdóttir, formaður fagráðs menningar. Hin nýja úthlutunarnefnd sinnti úthlutun úr Uppbyggingarsjóði 2023.

## Fagráð atvinnuþróunar og nýsköpunar 2022 vegna úthlutunar 2023:

Hildur Þóra Magnúsdóttir, formaður, Erla Gunnarsdóttir, Gunnsteinn Björnsson, Gunnar Tryggvi Halldórsson og Raket Runólfsdóttir.

## Fagráð menningar 2022 vegna úthlutunar 2023:

Elín Lilja Gunnarsdóttir, formaður, Elínborg Erla Ásgeirsdóttir, Steinunn Gunnsteinsdóttir, Valgarður Hilmarsson og Jón Ólafur Sigurjónsson.

## Úthlutun styrkja fyrir árið 2023

Á fundi stjórnar SSNV þann 6. september 2022 voru samþykktar verklags- og úthlutunarreglur Uppbyggingarsjóðs fyrir árið 2023. Því næst var auglýst eftir umsóknum um styrki með umsóknarfresti til 1. nóvember 2022.

Alls bárust 98 umsóknir þar sem óskað var eftir um 180 milljónum í styrki en til úthlutunar voru um 81 milljón. Úthlutunarnefnd vísaði 11 umsóknum frá vegna formgalla en aðrar umsóknir fóru til umfjöllunar í fagráðunum sem lögðu svo tillögur sínar fyrir úthlutunarnefnd. Á fundi úthlutunarnefndar þann 30. nóvember 2022 ákvað nefndin að úthluta 77 styrkjum, alls að upphæð rúmri 81 milljón króna. Allir umsækjendur fengu svör við styrkbeiðnum sínum 1. desember 2022.

## Fundargerðir 2022

Fundargerðir stjórnar SSNV og úthlutunarnefndar er að finna á heimasíðu SSNV.

## Atvinnuþróun

SSNV er ætlað að vera leiðandi í uppbyggingu atvinnuþróunar á Norðurlandi vestra með það að markmiði að fjölga atvinnutækifærum, auka fjölbreytileika þeirra starfa sem eru í boði, skapa hagstæð skilyrði fyrir ný verkefni og efla hagvöxt. Störf atvinnuráðgjafa miða meðal annars að því að þjónusta einstaklinga og fyrirtæki á svæðinu við þróun viðskiptahugmynda og markaðs- og rekstrarráðgjöf. Töluverður hluti vinnutíma atvinnuráðgjafa fer í ráðgjöf og aðstoð við gerð áætlana og umsókna til hvers kyns sjóða og lánastofnana. Þá hefur eftirspurn aukist eftir aðstoð við rekstrar- og viðskiptaáætlanir, markaðs- og kynningarstarf og yfirlestur og ráðgjöf við umsóknir í hina ýmsu sjóði. Þessi aukning í ráðgjöf við umsóknir í sjóði hefur skilað góðum árangri, bæði hvað varðar Matvælasjóð og í ár var hluti landshlutans í sjóði Atvinnumála kvenna um 10% sem er aukning frá fyrri árum. Oft á tíðum skarast verkefni tengd SSNV atvinnuþróun við verkefni sóknaráætlunar að því leyti að verkefni sóknaráætlunar eru að miklu leyti atvinnuþróun/-ráðgjöf til styrkþega.

Starfsfólk SSNV atvinnuþróunar hefur annast framkvæmd Uppbyggingarsjóðsins, þ.e. eftirfylgni með verkefnum og því til viðbótar fer drjúgur hluti vinnutíma atvinnuráðgjafa í ráðgjöf og aðstoð við gerð umsókna í sjóðinn og einnig áframhaldandi aðstoð við verkefni að lokinni styrkveitingu. Á árinu 2022 buðu starfsmenn samtakanna upp á rafræna kynningu sem fór fram á zoom og var streymt á facebooksíðu samtakanna. Er þetta þá þriðja árið í röð sem vinnustofan var haldin á netinu. Vinnustofan var vel sótt. Jafnframt var boðið upp á aðstoð við styrkumsóknagerð.

### Laus störf

SSNV hefur frá árinu 2019 auglýst laus störf á svæðinu í gegnum heimasíðu samtakanna. Þá geta sveitarfélög, fyrirtæki og stofnanir sent upplýsingar um störf í boði á starfsmenn SSNV. Starfsmenn SSNV vakta einnig aðrar starfasíður og heimasíður sveitarfélaga og koma þannig upplýsingum um laus störf inn á heimasíðu samtakanna. Auglýsingar starfa án staðsetninga hafa aukist að einhverju leyti og SSNV reynir að tryggja að þær rati allar á starfasíðu samtakanna.

### Útibúið

Útibúið, skrifstofusetur SSNV, býður upp á 10 skrifstofurými til útleigu með möguleika á opnu eða lokuðu rými og öll vinnuaðstaða er til fyrirmyndar. Skrifstofusetur stuðla að því að hægt verði að taka við störfum án staðsetningar, bjóða upp á aðstöðu fyrir þá sem vilja flytja störf sín með sér út á land og alla þá sem þurfa á vinnuaðstöðu að halda. Ferðamálastofa hefur tekið eitt rými á leigu fyrir starfskraft og Markaðsstofa Norðurlands hefur nýtt sér aðstöðuna.

## Fyrirtækjakönnun

SSNV er þátttakandi í fyrirtækjakönnun landshlutanna sem Vífill Karlsson hjá Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi hefur unnið um nokkurra ára skeið. Í henni er leitað eftir viðhorfi fyrirtækja á landsbyggðinni til núverandi stöðu ýmissa málaflokka og framtíðarhorfa. Er það liður í því að bæta þekkingu opinberra aðila og almennings á rekstrarskilyrðum á landsbyggðinni. Niðurstöður könnunarinnar geta nýst til að meta betur rekstrarkosti á landsbyggðinni og veitt kjörnum fulltrúum mikilvægar upplýsingar um framtíðarhorfur á sínu svæði.

Í niðurstöðum ársins 2022 kemur í ljós að þátttakendur hafa nýtt sér þjónustu ráðgjafa á vegum samtakanna í meira mæli en í öðrum landshlutum og þá sérstaklega aðilar ferðaþjónustu. Fyrirtæki í landshlutanum eru upplýst um hlutverk stoðkerfis og hafa nýtt sér þjónustu þess og eru fremst hvað það varðar ásamt tveim öðrum landshlutum. Þá kemur í ljós að fyrirtæki í landshlutanum hafa ágæta þekkingu á Uppbyggingarsjóði.

Þó er ljóst að fyrirtæki í landshlutanum sjá ekki fyrir sér að bæta við rekstrarhúsnæði né er eftirspurn eftir menntuðu vinnuaflum sem bendir til ákveðinnar stöðunar og því mikilvægara en áður að gefa í hvað varðar eflingu fjárfestingatækifæra og nýsköpunar. Þó er vert að benda á að fyrirtæki í iðnaði eru ofarlega með tilliti til annara landshluta hvað varðar þróun á nýrri þjónustu eða vöru samkvæmt könnuninni. Fyrirtækin sem tóku þátt í könnuninni voru 178 talsins.

## Matsjain

Í samstarfi við Samtök smáframleiðenda matvæla, landshlutasamtökin og atvinnuþróunarfélög á öllu landinu var sótt um styrk til Matvælasjóðs til að setja af stað verkefnið Matsjá. Verkefnið snéri að því að veita smáframleiðendum stuðning með því að sníða aðferðarfræði úr verkefninu Matsjá að matarfrumkvöðlum. Afurð verkefnisins var fræðsla fyrir smáframleiðendur til að styðja þá í að aukinni verðmætasköpun, til að styrkja stöðu þeirra, efla framleiðslu, auka sölutekjur og styðja við sjálfbærni í rekstri. Markmið stuðningskerfisins var að auka innsýn þátttakenda í rekstri og innviða fyrirtækis með það fyrir augum að finna leiðir til að auka hagkvæmni, bæta rekstur, auka fagmennsku og innleiða samfélagsábyrgð í fyrirtækin.

Auglýst var eftir þátttakendum um allt land og sóttu um 80 aðilar um. Þar af voru 12 smáframleiðendur á Norðurlandi vestra. Verkefnið var unnið í sjö lotum yfir 14 vikna tímabil og samanstóð af fræðslufundum aðra hvora viku og heima fundi aðra hvora viku. Unnið var út frá jafningjaráðgjöf, fræðslu, erindum, verkefnavinnu og ráðgjöf.

## Samstarf á vettvangi ferðaþjónustunnar

Samstarfsvettvangur ferðaþjónustunnar á Norðurlandi vestra og SSNV, sem settur var á laggirnar árið 2014, hélt áfram með virku starfi Fagráðs ferðaþjónustunnar. SSNV leggur til atvinnuráðgjafa með áherslu á ferðamál og starfar hann með Fagráði ferðaþjónustunnar sem í sitja fulltrúar ferðamálafélaganna í Húnaþingi vestra, Austur-Húnavatnssýslu og Skagafirði.

### Fagráð ferðaþjónustunnar 2022

Guðjón Ebbi Guðjónsson f.h. Ferðamálafélags Austur-Húnavatnssýslu  
Evelyn Ýr Kuhne, f.h. Félags ferðaþjónustunnar í Skagafirði  
Anna Birna Þorsteinsdóttir, f.h. Ferðamálafélags V-Húnavatnssýslu  
Unnur Valborg Hilmarsdóttir og Katrín M. Guðjónsdóttir, f.h. SSNV

### Ráðgjafi á sviði ferðamála

Ráðgjafi á sviði ferðamála hjá SSNV, sem starfar með fagráðinu, er Davíð Jóhannsson. Ráðgjafinn kemur einnig að einstökum samstarfsverkefnum sem spröttin eru á öðrum vettvangi, auk þess sem hann er tengiliður á milli sveitastjórna, stjórnarsýslunnar og greinarinnar sjálfar.

### Samstarfssamningur

Í samstarfssamningi verkefnisins var lagt upp með að: a) skapa virkari og öflugri samstarfsvettvang í ferðaþjónustu á Norðurlandi vestra, b) skjóta sterkari stöðum undir afkomu og rekstur ferðaþjónustufyrirtækja á Norðurlandi vestra, c) greina og kortleggja ímynd, vöruframboð og stöðu greinarinnar í landshlutanum í því skyni að leggja grunn að áframhaldandi uppbyggingu og vexti ferðaþjónustu á Norðurlandi vestra, d) styðja við vörupróun og markaðs- og kynningarstarf ferðaþjónustufyrirtækja í því skyni að það verði faglegra og árangursríkara.



## Að loknum heimsfaraldri

Þegar hyllti undir lok heimsfaraldurs, litu ferðapjónustuaðilar á svæðinu til þess að bjartari tímar væru í vændum. Þó bæði sumrin 2020 og 2021 hafi haldið í einhverju horfi með aukinni umferð Íslendinga, var ljóst að það myndi ekki duga inn í framtíðaráform með stefnuna setta á meiri umsvif á heilsárs grundvelli. Það var því gleðiefni að bókunartölur ársins þóttu yfirleitt góðar og jafnvel umfram fyrstu væntingar. Þetta varð að teljast gríðarlega mikilvægt til að efla tiltrú fólks, því eflaust voru einhverjir á báðum áttum, eftir þessi tvö mjög svo sérstöku ár, hvort áframhaldandi rekstur væri hið rétta í stöðunni.

Fagráðið kom áfram einungis saman á fjarfundum, svo kannski eru komin þar langvinnustu áhrif heimsfaraldursins og vissulega ekki um einsdæmi að ræða þegar kemur að fundahaldi. Þau sértæku átaksverkefni sem skilgreind voru um mitt ár 2020 með aðkomu fagráðsins komu nú betur upp á yfirborðið og eftir að lokið hafði verið við hnitsetningu með rafrænni skráningu um 90 gönguleiða á svæðinu voru fyrstu vegvísar settir upp á nokkrum upphafsstöðum gönguleiðana. Að auki var fyrsta upplýsingaskiltið í verkefni sem ber vinnuheitið "Dætur og synir Norðurlands vestra" sett upp og þau næstu fylgja fyrripart sumars 2023.

## Fundir

Á síðustu árum hafa árlega verið haldnir einn til tveir samráðsfundir fagráðs með sveitarfélögum um málefni ferðapjónustunnar. Þar eru t.d. málefni Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða og verkefna á svæðinu honum tengd eitt helsta umræðuefnið. Ekki náðist að halda slíkan fund á árinu og höfðu breytingar tengdar sveitarstjórnarkosningunum á vordögum hér sitt að segja. Þráðurinn verður tekinn upp aftur í lok maí 2023.

## Haustdagur ferðapjónustunnar

Eftir tvær vissulega vel heppnaðar rafrænar útgáfur 2020 og 2021 var það gleðiefni að geta aftur boðað til Haustdags ferðapjónustunnar í raunheimum. Haustdagurinn að þessu sinni hafði þó annan blæ en alla jafna, þar sem ákveðið var að nýta hann fyrir vinnufund tengdum stefnumótunarvinnunni sem þá var komin á fullt skrið. Þetta gaf góða raun og þó að alltaf megi láta sig dreyma um betri mætingu, skilaði fundurinn sínu inn í verkefnið. Veitingarnar í Húnaveri áttu líka örugglega sinn þátt í góðri útkomu.



## Ratsjain

Ratsjárverkefnið sem fyrst var keyrt veturinn 2020-2021, með góðum árangri, fór í aðra umferð í byrjun árs 2022. Þátttaka af svæðinu, sem og öllu landinu var heldur minni í þetta sinn og allir sammála um að svona vegferð geti nýst ferðapjónustuaðilum vel að skerpa á sínum áherslum í rekstri, markaðssetningu og vörubrúun.

## Markaðsstofa Norðurlands

Sem fyrr eru sveitarfélögin á starfssvæðinu aðilar að Markaðsstofu Norðurlands í gegnum SSNV og hefur stjórn samtakanna að jafnaði einn fulltrúa í stjórn MN. Því hlutverki sinni Álfhildur Leifsdóttir framan af ári, en Jóhanna Ey Harðardóttir tók þá við keflinu. Talsverð samskipti eru að jafnaði við Markaðsstofuna, t.d. í formi funda og ýmiss konar upplýsingamiðlunar og er þeim að stórum hluta sinnt af ráðgjafa á sviði ferðamála. Í marsmánuði fóru Mannamót aftur fram eftir niðurfellingu 2021. Þessi vettvangur milli ferðapjónustuaðila á landsbyggðinni og söluaðila á höfuðborgarsvæðinu, sem Markaðsstofur landshlutana standa að, hefur fest sig í sessi og nýta jafnan um 20 ferðapjónustufyrirtæki af svæðinu sér hann.



Í tengslum við samning um rekstur áfangastaðastofu réði Markaðsstofan á haustdögum 2021 verkefnisstjóra áfangastaðaáætlunar með staðsetningu á Norðurlandi vestra. Breyting varð á þessu sumarið 2022 þegar verkefnastjórinn hætti störfum og eftirmaður ráðinn með staðsetningu á Akureyri.

## Kúrsinn stiltur

Undir þessu vinnuheiti var fyrripart árs lagt upp í vegferð, sem skyldi skila af sér afurð, sem myndi vísa vegin fyrir framtíð ferðaþjónustunnar á svæðinu. Hér skyldi horft til þess sem svæðið telur sig standa fyrir og getur boðið upp á, en einnig þeirra þátta sem kann að skorta fyrir frekari framþróun. Stefnt var að því að framlag einstakara svæða/sveitarfélaga væri sýnilegt, en einnig að þeir bakgrunnspættir, sem væru dregnir upp, yrðu skoðaðir út frá ásýnd svæðisins sem búsetukosts.



Til verksins var fengin Hjörtur Smárason ráðgjafi hjá Saltworks, sem hefur talsverða reynslu af svipuðum verkefnum á alþjóðavettvangi. Hjörtur hófst handa á haustdögum með gagnasöfnun, viðtölum og vinnufundum.



Frá vinnustofu í nóvember 2022 í Húnaveri






## Auknar fjárfestingar á Norðurlandi vestra

Áfram hefur verið unnið að því að auka fjárfestingar á svæðinu og er óhætt að fullyrða að góður gangur sé í þeim málum. Magnús Barðdal Reynisson hefur farið fyrir verkefninu og unnið þétt með sveitarfélögunum á svæðinu. Í lok árs var farið af stað með nýtt verkefni sem snýr að stefnumótun sveitarfélaga í atvinnumálum. Gengur verkefnið út á að leggja spurningakönnun fyrir sveitastjórnafulltrúa og sveitastjóra um áherslur þeirra í íbúabróun og atvinnumálum. Niðurstöðurnar verða svo nýttar sem efniviður inn í vinnustofu með sveitastjórn. Afurðin sem mun verða til með þessari vinnu eru eitt til tvö smærri verkefni, fyrir hvert sveitarfélag, sem hægt er að ráðast í strax og hinsvegar eitt til tvö stærri verkefni sem tekur lengri tíma í undirbúningi. Stefnt er á að niðurstöður úr þessari vinnu liggi fyrir á vormánuðum 2023. Þessi aðferðafræði verður vonandi til þess að sveitarfélögin skýri sýn sína í atvinnumálum og að starfsmenn SSNV nýti tíma sinn á markvissari hátt fyrir sveitarfélögin.

Gott samstarf hefur verið við aðrar stofnanir og ráðuneyti. Má þar m.a. nefna Íslandsstofu en á árinu fór verkefnastjóri fjárfestinga á ráðstefnu í Cannes á vegum Íslandsstofu þar sem Norðurland vestra var kynnt sem ákjósanlegur fjárfestingakostur ásamt því að kynna sérstaklega baðlón- og hótél verkefni á Skagaströnd. Á ráðstefnunni mynduðust mikilvæg sambönd sem enn er unnið með og vonandi leiða þau til nýrra verkefna. Verkefnið sem snýr að hótéluppbyggingu í síldarvinnslunni á Skagaströnd hefur verið gegnum gangandi á árinu og ýmis jákvæð teikn á lofti hvað það varðar.

Einnig hefur verið gott samstarf við Landsvirkjun en fulltrúar þeirra gáfu sér tíma á vormánuðum og funduðu með hverri og einni sveitastjórn á svæðinu og kynntu möguleikana í grænum iðnaði og hringrásarlausnum.

Þá fundaði framkvæmdastjóri og verkefnastjóri fjárfestinga með hverju og einu framboði til sveitastjórnarkosninga á svæðinu til að kynna starfsemi SSNV og tækifærin í atvinnuuppbyggingu með það fyrir augum að auka á samstarf hjá nýjum fulltrúum á svæðinu.



## Verkefni í gangi


Ýmis einstök verkefni eru í fullum gangi og ber þar helst að nefna uppsetningu á skógarplöntuframleiðslu í Húnaþingi vestra. Það er verkefni sem hefur verið í vinnslu í um eitt ár og gengur vel. Fulltrúar úr verkefnahópnum ásamt sveitastjóra í Húnaþingi vestra gerðu sér ferð til Svíþjóðar í lok árs þar sem heimsóttar voru nokkrar gróðurstöðvar hjá Svenska Skogsplantor og rætt mögulegt samstarf.

Einnig hefur mikil vinna verið lögð í hótilverkefni í Skagafirði og gengur það verkefni vel. Í lok árs var sótt um lóð fyrir bygginguna og undirbúningur í fullu gangi.

Mikil og góð vinna hefur verið unnin með Hólaskóla um uppbyggingaráform að Hólum í Hjaltadal sem og inn á Sauðárkróki. Það er jafnframt verkefni sem miðar mjög vel.

Þá hefur áfram verið unnið að tækifærum fyrir laus iðnaðarhús á svæðinu og er m.a. metnaðarfullt verkefni fyrir rækjuvinnsluna á Skagaströnd í fullum gangi sem vonandi verður að veruleika á næstu misserum.

Á árinu hafa komið til skoðunar ýmis verkefni sem mörg hver verða skoðuð frekar á komandi misserum. Vindorkuver, rafeldsneytisframleiðsla, hótilverkefni, fiskeldi o.fl. Það er ánægjulegt að finna fyrir auknum þunga í nýfjárfestingum á svæðinu og má í því samhengi horfa til uppbyggingar í gamla bænum á Blönduósi og starfstöð Food smart á Blönduósi, Einnig er áþreifanlegur áhugi hjá fjárfestum að byggja upp ferðapjónustu á svæðinu enda hefur skort mikið á fjölgun gistirýma á svæðinu öllu.



## Nýsköpun

Áfram var lögð áhersla á stuðning við nýsköpun í landshlutanum á árinu, enda felast í henni mikil tækifæri til verðmætasköpunar. Atvinnuráðgjafi SSNV á sviði nýsköpunar veitir ráðgjöf bæði til sprotafyrirtækja sem eru að taka sín fyrstu skref og til rótgróinna fyrirtækja. Í upphafi árs lét Kolfinna Kristínardóttir af störfum sem ráðgjafi á sviði nýsköpunar og Ólöf Lovísa Jóhannsdóttir var ráðin inn í hennar stað og hóf störf 1. apríl. Verkefnin snúa að aðstoð við einstaklinga sem eru að fóta sig áfram og vilja skapa sér sjálfstæðan atvinnugrunn. Sú aðstoð felst m.a. í að veita upplýsingar og verkfæri til að einfalda ferlið frá hugmynd að viðskiptum, s.s. við mótun hugmynda, gerð viðskipta- og rekstraráætlana, útvega yfirlit yfir styrki og benda á fjármögnunarmöguleika. Með því að styðja við umgjörð og hvata til nýsköpunar í nýjum og rótgrónum fyrirtækjum eflum við samkeppnishæfni svæðisins til framtíðar.

### Samstarf

Eitt markmiða aukins stuðnings við nýsköpun í landshlutanum er að auka samstarf, innan svæðis sem utan. SSNV er áfram aðili að samstarfsverkefninu Norðanátt ásamt SSNE, Eimi og RATA. Hlutverk Norðanáttar er að styðja við frumkvöðla og fyrirtæki á norðurlandi frá fyrstu stigum hugmyndar yfir í leit að fjárfestum og er það gert með því að standa fyrir fjölda viðburða á hverju ári, svokallaða hringrás Norðanáttar, sem styðja við nýsköpunarhugmyndir á ólíkum stigum og leggja áherslu á sjálfbærni á sviði matar, orku og vatns. Í janúar fór af stað samstarfsverkefni samtaka smáframleiðenda matvæla (SSFM) og landshlutasamtakanna sem nefndist Matsjá og sneri að því að veita stuðning til matarfrumkvöðla.

Í samstarfi við Norðanátt var sótt um styrk í Lóuna – nýsköpunarsjóð fyrir landsbyggðina. Sótt var um styrk til að geta boðið teymum sem taka þátt í viðskiptahraðlinu Vaxtarrými uppá ferð til Noregs þar sem markmiðið er að kynna þau fyrir norsku nýsköpunarumhverfi, mynda tengsl á sama tíma og grasrót Norðanáttar kynnist því hvernig stuðningsumhverfi frumkvöðla er háttað í Noregi. Verkefnið hlaut styrkinn og stefnt er að því að fara í kynnisferð í janúar.

Á árinu fór af stað undirbúningur á stuðningi við Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra við kennslu í frumkvöðlafræði og þátttöku í verkefninu ungir frumkvöðlar. Þar læra nemendur að stofna fyrirtæki utan um viðskiptahugmynd.

## Viðburðir

Á árinu voru fjölmargir viðburðir og vinnustofur haldnar þar sem fjallað var um nýsköpun frá ýmsum hliðum sem nýtist frumkvöðlum og sprotafyrirtækjum.

## Matsjain

Samstarfsverkefninu Matsjain lauk með uppskeruhátíð og matarmarkaði á Hótel Laugarbakka í byrjun apríl. Þá mættu flestir þátttakendur og kynntu vörurnar sínar og í framhaldinu var opinn matarmarkaður á Hótel Laugarbakka þar sem fjöldi fólks mætti til að kaupa vörur af smáframleiðendum.



*Hópur þátttakenda uppskeruhátíðar Matsjárinnar á Hótel Laugarbakka.*

## Vaxtarrými

Í október stóð Norðanátt aftur fyrir átta vikna viðskiptahraðli með áherslu á sjálfbærni, mat, vatn og orku. Tíu teymi voru valin á norðurlandi til þess að taka þátt í hraðlinum og fengu þátttakendur tækifæri til að efla sig og sín fyrirtæki.



*Til hliðar má sjá þátttakendur og skipuleggjendur Vaxtarrýmis 2022*

## Fjárfestahátíð

Þann 31. mars var haldin fjárfestahátíð á Siglufirði sem var lokaskref í fyrstu hringrás Norðanáttar en sú hringrás var styrkt af Lóu, nýsköpunarsjóð fyrir landsbyggðina. Fyrsti viðburðurinn var lausnamótið Hacking Norðurland sem haldið var í apríl 2021. Því næst var viðskiptahraðallinn Vaxtarrými haustið 2021 og að lokum var fjárfestahátíðin.

Á hátíðinni kynntu 10 teymi verkefni sín, sem snerta orkuskipti, hringrásarhagkerfið eða fullnýtingu auðlinda, fyrir áhugasömum fjárfestum. Þar af voru tvö teymi frá Norðurlandi vestra. Áhugi á hátíðinni var mikill og alls mættu um 30 fjárfestar til leiks auk aðila úr stoðkerfi nýsköpunar, fulltrúar sveitarfélaga og annarra hagaðila.



### Myndir frá fjárfestahátíð 2022

Hér fyrir ofan má sjá Lindu Fanneyju Ásgeirsdóttur kynna Alor.

Til hliðar má sjá hluta skipuleggjenda, Svövu Björk Ólafsdóttur með systkyninum Sesselju og Magnúsi Barðdal.

Fyrir ofan til hliðar má sjá Ólaf Sörla Kristmundsson kynna metnaðarfull áform um baðlón og glæsihótel á Skagaströnd.



## Norðansprotinn

Norðanátt stóð fyrir nýsköpunarkeppni í samstarfi við Háskólann á Hólum og Háskólann á Akureyri þar sem leitað var af bestu nýsköpunarhugmyndinni á norðurlandi. Keppnin var upphafið af annarri hringrás Norðanáttar sem stóð yfir í nýsköpunarvikunni dagana 16. - 20. maí valdi dómnefnd sex teymi úr fjölda umsókna sem fengu tækifæri til að kynna hugmyndina sína á lokaviðburði í Háskólanum á Akureyri þar sem valin var besta hugmyndin sem hlaut titilinn Norðansprotinn 2022. Þrjú teymi frá Norðurlandi vestra voru meðal þátttakanda á lokaviðburðinum.



Hugmyndin Roðleður bar sig úr bítum



## Þátttakendur af Norðurlandi vestra



Rebekka Hekla Halldórsdóttir kynnir Nordic wine and view



Íris Björk Marteinsdóttir og Ívar Örn Marteinson Pelliscol



Amber Christina Monroe kynnir Ísponica



## Umhverfismál

Aukin áhersla var lögð á umhverfismál á árinu. Eitt af áhersluverkefnum landshlutans á árunum 2022-2023 er landshluti til forystu í loftslagsmálum og heimsmarkmiðum. Meginmarkmið þessa verkefnis er að styðja við Sveitarfélögin til að mæta kröfum sem gerð eru á þau m.t.t. loftslagsmála og heimsmarkmiða auk þess að efla umhverfisvitund íbúa og auka árangur í takt við sóknaráætlun landshlutans.

Undirbúningur þess fór af stað seinni hluta ársins og miðaði fyrst og fremst að því að móta vinnustofur og verkefni sem munu styðja við sveitarfélögin í landshlutanum að setja loftslagsstefnu, aðgerðaáætlun og mælanleg markmið í loftslagsmálum í samræmi við lög nr. 70/2012 um loftslagsmál. Á sama tíma var hafinn undirbúningur hjá SSNV að kortleggja neikvæð umhverfisáhrif frá eigin rekstri og hefja undirbúning til að móta stefnu um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og neikvæðra umhverfisáhrifa frá starfseminni.

### Svæðisáætlun úrgangs á Norðurlandi

Framtíð úrgangsmála á Norðurlandi hefur lengi verið umræðuefni og í apríl á seinasta ári var haldin opin vinnustofa í samstarfi við SSNE og Samband íslenskra sveitarfélaga þar sem sérstaklega var óskað var eftir þátttöku kjörinna fulltrúa. Markmið vinnustofunnar var að leggja drög að framtíðaráætlun Norðurlands í sameiginlegri svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á norðurlandi. Stefán Gíslason hjá Environice var fenginn til þess að útbúa drög að svæðisáætlun úrgangs á Norðurlandi í samræmi við lög nr. 55/2003 um meðhöndlun á úrgangi byggt á niðurstöðum vinnustofunnar. Drögin að svæðisáætluninni voru kynnt fyrir sveitarstjórnarfulltrúum í okt-nóv og höfðu þau tækifæri til þess að koma með athugasemdir við drögunum til áramóta.

Stefnan nær til sjö málaflokka og í henni eru 18 aðgerðir auk umfjöllunar um vöktun, eftirlit og endurskoðun.


Aðgerðirnar eru m.a. kynningarátök, aukin fræðsla og skilvirk og skiljanleg miðlun upplýsinga um úrgangsmál, bætt samstarf við atvinnulífið um lágmarkun úrgangs, bætt nýting á lífrænum úrgangsstraumum. Aðgerðir sem snúa að árangursríkri söfnun og flokkun, bættum innviðum fyrir meðhöndlun úrgangs. Aðgerðir þar sem beitt er hagrænum hvötum til að draga úr magni úrgangs með aukinni gjaldtöku.

## Starfsemi SSNV - losun

Til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda er mikilvægt að þekkja helstu losunarþætti. Ákveðið var að taka saman grænt bókhald og kortleggja helstu losunarþætti vegna starfsemi SSNV fyrir árið 2022 og verða niðurstöðurnar nýttar til að móta loftslagsstefnu, aðgerðaáætlun og mælanleg markmið til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá starfseminni. Ekki voru öll gögn aðgengileg fyrir græna bókhaldið á árinu 2022 en eru losun frá þeim þáttum sem uppá vantar ekki talin vera megin losunarþættir frá starfseminni. Stærsti losunarþáttur frá starfseminni er vegna ferða starfsfólks á langtímaleigubílum SSNV, 6,88 tonn CO<sub>2</sub> ígildi og er það flokkað sem bein losun frá starfseminni (umfang 1). Aðrir þættir eru óbein losun frá starfseminni þ.e. losun sem fellur á önnur fyrirtæki vegna starfsemi okkar. Þar er mest losun vegna rútuferða á vegum verkefna SSNV og bílaleigubíla 5,29 tonn CO<sub>2</sub> ígildi. Þar á eftir koma flugferðir starfsfólk sem voru 27 á árinu 2022 og 2,98 tonn CO<sub>2</sub> ígildi.

Taflan hér fyrir neðan sýnir helstu losunarþætti frá starfseminni byggt á aðferðarfræði Greenhouse gas protocol.

Losunarþættir	Magn	t CO <sub>2</sub> e	Athugasemdir
Umfang 1			
Eldsneyti á langtímaleigubílum (km)	2552,23	6,88	
Umfang 2			
Rafmagn og heitt vatn			Gögn ekki aðgengileg fyrir 2022
Umfang 3			
Flutningur á vörum og þjónustu (km)	197	0,05	
Flugferðir starfsfólks (fjöldi ferða)	27	2,98	
Ferðavenjur			Gögn ekki aðgengileg fyrir 2022
Úrgangur			Gögn ekki aðgengileg fyrir 2022
Flutningstöp raforku			Gögn ekki aðgengileg fyrir 2022
WTT	2552,23	1,60	
Rútur og bílaleigubílar (km)	3884,6	5,29	
Pappír (stk)	6711		





## Erlend samstarfsverkefni

Starfsfólk SSNV hefur verið duglegt að sækja styrki í erlenda samstarfssjóði til verkefna og eru nokkur verkefni nú þegar í gangi, sum í undirbúningsfasa fyrir stærri umsóknir og önnur sem munu fljótlega klárast.

### Digi2Market

SSNV var þátttakandi í Norðurslóðaverkefni sem kallast Digi2Market, sem útfærst gæti á íslensku sem Stafræn leið til markaðar. Verkefninu var ætlað að taka á ýmsum áskorunum sem fyrirtæki á jaðarsvæðum glíma oft við, svo sem smæð markaðar, fjarlægð frá markaði og einangrun. Meðal viðburða verkefnisins á árinu var dagur landsbyggðafyrirtækja þar sem markmiðið var að vekja athygli á mikilvægi frumkvöðla og fyrirtækja á landsbyggðinni í gegnum samfélagsmiðla Verkefninu lauk í mars 2022. Sveinbjörg Rut Pétursdóttir, atvinnuráðgjafi SSNV, stýrði verkefninu fyrir hönd SSNV. Aðrir þátttakendur í verkefninu voru WESTBIC, ICBAN, Udaras na Gaeltachta, University of Ulster og Karelia University.

### Target Circular og Glow 2.0.

Í lok árs 2022 hlutu tvö önnur norðurslóðaverkefni brautargengi; Target Circular og GLOW 2.0.

Target Circular er samstarfsverkefni írskra, norskra, finnskra, sænskra og íslenskra aðila sem snýst um að styrkja rekstrarforsendur lítilla og meðalstórra fyrirtækja, ekki síst þeirra sem vilja leggja áherslu á sjálfbærni, nýta tækifæri til eflingar á stoðþjónustu við þau og nýta nýjustu þekkingu til að fjölga störfum og stuðla að vexti og samkeppnishæfni þeirra.

GLOW 2.0. er samstarfsverkefni finnskra, írskra, norskra, sænskra og íslenskra aðila sem snýst um að beita „grænu viðskiptamódeli“ í tilraunaverkefni um hvernig megi þróa sjálfbæran rekstur í litlum og meðalstórum fyrirtækjum með áherslu á þau sem nýta myrkrið og næturhimininn á norðurslóðum, s.s. Norðurljósinn, í starfsemi sinni.

## Brain

Eitt undirbúningsverkefni hlaut einnig styrk úr norðurslóðaáætluninni, verkefnið BRAIN sem er samstarfsverkefni írskra, finnskra og íslenskra aðila.

Verkefnið sem sótt var um styrk fyrir snerist um að kanna möguleikann á stafrænni stuðningsþjónustu fyrir frumkvöðla og fyrirtæki í dreifðum byggðum með áherslu á að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og styðja við hringrásarhagkerfið. Verkefnið hlaut styrk í lok árs 2022 og var fyrsti fundur haldinn í desember. Áætlað er að umsókn fyrir áframhaldandi styrk verði tilbúin í maí 2023.

## TOURBIT

Ráðgjafi SSNV á sviði ferðamála hefur á starfsárinu sinnt samningsbundnu hlutverki í TOURBIT-verkefninu undir hatti Íslenska ferðaklasans. Verkefninu var formlega ýtt úr vör á fundi verkefnisstjórnar í Rovaniemi í Finnlandi í byrjun apríl. Í verkefninu er leitað að leiðum til að greina þörf á stafrænum lausnum fyrir smá og meðalstór ferðaþjónustufyrirtæki í þáttökulöndunum og stuðla að frekari þróun og notkun þeirra. Þátttakendur í verkefninu eru auk Íslands frá Spáni, Frakklandi, Belgíu, Finnlandi, Slóveníu og Portúgal og er verkefnið leitt af katalónska ferðamálaráðinu.

## SUB

Á árinu var einnig unnið, ásamt aðilum frá Finnlandi, Færeyjum, Írlandi Svíþjóð og Skotlandi að NPA umsókn og viðfangsefnið þar möguleikar í hjólaferðamennsku í dreifðum byggðum Norðurslóða.



## Byggðagleraugun

Stjórn SSNV veitir ár hvert viðurkenninguna Byggðagleraugun til ráðuneytis eða stofnunar sem þykir hafa skarað fram úr í fjölgun starfa/verkefna í landshlutanum eða með öðrum hætti stuðlað að uppbyggingu hans. Er viðurkenningunni ætlað að hvetja forsvarsmenn stofnana til að horfa með „byggðagleraugunum“ á verkefni sinna eininga og nýta þau tækifæri sem gefast til flutnings starfa/verkefna á landsbyggðina í samræmi við áherslur byggðaáætlunar.

Aðilar sem til greina koma skulu;

- a) vera með starfsstöð í landshlutanum,
- b) hafa sýnt í verki vilja til að efla starfsstöðvar sínar í landshlutanum,
- c) eða með öðrum hætti stuðlað að fjölgun starfa í landshlutanum.

Stjórn SSNV velur þann aðila sem viðurkenninguna hlýtur ár hvert og er viðurkenningin afhent á ársþingi samtakanna.

Viðurkenningin var veitt í fyrsta skiptið árið 2021.



*Ingibjörg Huld Þórðardóttir formaður stjórnar SSNV og Aldís Hilmarsdóttir framkvæmdastjóri hjá HMS.*

## Byggðagleraugun 2022

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS) hlaut viðurkenninguna Byggðagleraugun 2022 fyrir árangursríka uppbyggingu starfsstöðvar stofnunarinnar á Sauðárkróki. SSNV standa að veitingu verðlaunanna og eru þau nú veitt í annað sinn. Stjórn HMS hefur frá upphafi lagt mikla áherslu á að ekki bara viðhalda starfsemi á Norðvesturlandi heldur að efla hana og styrkja.

Frá því HMS var stofnað hefur stöðugildum á Sauðárkróki fjölgað um meira en þriðjung og í dag eru tæplega 30 starfsmenn sem tilheyra starfstöðinni. Það felast mikil tækifæri í að reka opinbera þjónustu á landsbyggðinni, starfsumhverfið er frábært og lífsgæði starfsmanna eins og best verður á kosið.

## Samgöngu- og innviðaáætlun

Á 29. ársþingi SSNV þann 16. apríl 2021 var samþykkt að skipa samgöngu- og innviðanefnd sem skipuð yrði fulltrúum allra sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, einn fulltrúi frá hverju sveitarfélagi. Í greinargerð með samþykkt þingsins segir eftirfarandi: Vinnu við gerð nágildandi samgöngu- og innviðaáætlunar Norðurlands vestra lauk í júní 2019. Síðan þá hefur verið ráðist í nokkrar framkvæmdir sem tilgreindar voru í áætluninni auk þess sem áherslur einstakra sveitarfélaga kunna að hafa breyst. Því er ástæða til að hefja vinnu við að taka upp áætlunina að nýju, enda henni ætlað að vera lifandi plagg svo hún þjóni tilgangi sínum.

Í nefndina voru skipaðir fulltrúar frá öllum sveitarfélögum á starfssvæði samtakanna, sjö talsins.

Stjórn SSNV skipaði Regínu Valdimarsdóttur forman nefndarinnar á 67. fundi sínum þann 3. júní 2021. Með nefndinni starfaði Unnur Valborg Hilmarsdóttir, fyrrverandi framkvæmdastjóri SSNV. Árið 2021 fundaði nefndin tvisvar sinnum og á milli funda vann starfsfólk SSNV að gagnaöflun og textagerð skýrslu. Í maí 2022 veitti Sigurður Ingi Jóhannsson nýrri Samgöngu- og innviðaáætlun Norðurlands vestra viðtöku. Áætlunin er uppfærð útgáfa fyrri áætlunar sem samþykkt var árið 2019. Í áætluninni er, auk samgöngumála, fjallað um fjarskiptamál, hitaveitur og raforkukerfi. Eru brýnustu verkefni sett fram í forgangs röð í hverjum málaflokki fyrir sig. Með áætluninni vilja sveitarfélög á Norðurlandi vestra leggja sitt af mörkum til að auðvelda og flýta fyrir töku ákvarðana og þar með brýnum framkvæmdum við samgöngu- og innviðauppbyggingu í landshlutanum.



*Sigurður Ingi Jóhannsson tekur við nýrri Samgöngu- og innviðaáætlun frá Unni Valborgu Hilmarsdóttur*

## Framúrskarandi verkefni

Árlega er kallað eftir tilnefningum íbúa svæðisins að framúrskarandi verkefnum sem farið hafa fram á Norðurlandi vestra árið áður. Viðurkenningar fyrir framúrskarandi verkefni eru veittar í tveimur flokkum, annars vegar á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar og hins vegar á sviði menningar.

Á fundi stjórnar var tekin ákvörðun, byggt á tilnefningu íbúa, um hvaða verkefni fengu viðurkenningu árið 2022:

### Austan vatna - á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar

Austan Vatna var valið framúrskarandi verkefni fyrir vinnslu á matarhandverki. Frumkvöðlarnir á bak við Austan Vatna eru þau Eduardo Montoya og Inga Dóra Þórarinsdóttir á Frostastöðum í Skagafirði.

Austan Vatna er lítið fjölskyldurekið fyrirtæki sem framleiðir matarhandverk úr staðbundnu hráefni og tekur einnig að sér veisluþjónustu. Maturinn þeirra er innblásinn af argentískum hefðum, ferðalögum þeirra um Suður-Ameríku og íslenskum mat og matarvenjum. Lögð er mikil áhersla á gæði hráefnis og gott samstarf við bændur í nærumhverfi. Austan Vatna framleiðir allt sem hægt er frá grunni og er stöðugt að leita leiða til þess að nýta hráefnin betur.



*Eduardo Montya og Inga Dóra Þórarinsdóttir taka á móti viðurkenningu frá Katrínu M. Guðjónsdóttur frkvst. SSNV og Ólöfu Lovísu Jóhannsdóttur atvinnuráðgjafa hjá SSNV*

## Ós Textíllistamiðstöð - á sviði menningarmála



*Katrín M. Guðjónsdóttir, framkvæmdastjóri SSNV og Ólöf Lovísa Jóhannsdóttir, atvinnuráðgjafi á sviði nýsköpunar veittu viðurkenningu fyrir hönd stjórnar þann 4. apríl 2023. Elsa Arnardóttir forstöðumaður Textílmíðstöðvar Íslands tók við viðurkenningu fyrir hönd Ós.*

Ós Textíllistamiðstöð hlaut viðurkenningu á sviði menningar fyrir rekstur á miðstöð fyrir textíllistafólk.

Rekstur Óss textílmíðstöðvarinnar er metnaðarfullur og hefur vakið mikla athygli og er þekktur meðal textílfólks víða um heim. Ós hefur verið starfrækt í Kvennaskólanum í samstarfi við Textílmíðstöð Íslands síðan 2013 og er opin allt árið um kring. Þátttakendur eru á fjórða hundrað og dvelja þar minnst mánuð í senn. Ós er ætluð listafólki, fræðafólki og hönnuðum sem vinna með textíl í víðu samhengi, allt frá hefðbundnu handverki, rannsóknum, hönnun hagnýtra hluta og sköpun listaverka til stafræns textíls.

Boðið er upp á gisti- og vinnuaðstöðu fyrir allt að 13 einstaklinga og gefst þátttakendum tækifæri á að nýta aðstöðuna á staðnum s.s. sameiginleg stúdíórými, vefnaðarloft, litunarstúdíó og gallerí.

Í hverjum mánuði er boðið upp á fyrirlestur um íslenskan textíl, ullarframleiðslu og stutt námskeið í tóvinnu.

Einnig hafa listamenn eins og aðrir aðgengi að Textíllabi, stafrænni smíðju á vegum Textílmíðstöðvarinnar sem var opnuð í maí 2021. Síðan hefur aðsókn aukist jafnt og þétt og er Ós með mikla sérstöðu hvað varðar listamiðstöðvar í heiminum vegna þessa.



## Að koma Norðurlandi vestra og SSNV á kortið

Eins og fyrri ár var lögð áhersla á að auka sýnileika landshlutans og miðla upplýsingum úr starfi samtakanna. Heimasíða og samfélagsmiðlar hafa verið nýttir til þess og svæðismiðlarnir hafa verið ötulir í að koma upplýsingum á framfæri. Í auknum mæli hafa fréttir af starfi samtakanna ratað í landsmiðlana og þannig vakið athygli á landshlutanum í heild. Fjölmiðlar leita gjarnan til samtakanna þegar þá vantar viðmælendur um hin ýmsu mál og hefur þá verið bent á aðila sem málið varðar.

### Fjölmiðlavaktin

Sýnileiki samtakanna er mældur af Fjölmiðlavaktinni. Milli árana 2021- 2022 eykst hann talsvert sýnileiki á netmiðlum en það dregur úr birtingum á prentmiðlum og sérvefjum. Þá mælir Fjölmiðlavaktin fréttaskor sem segir til um hvort fréttin sé virkilega um fyrritækið og hversu mikla athygli fréttin fær. SSNV fréttir eru með um 35% sinna fréttu á bilinu nokkurt til mikið vægi. Heildarfjöldi birtinga árið 2022 var 158 sem er aðeins minna en árið 2021. Þó er þróunin jákvæð þar sem árið 2016 var heildarfjöldi birtinga 52.

### Heimasíða og samfélagsmiðlar

Heimasíða samtakanna er jafnframt mikilvægur liður í miðlun upplýsinga innan svæðis sem utan. Á árinu 2022 voru samtals birtar um 180 fréttir á heimasíðu samtakanna. Þeim var jafnframt deilt á samfélagsmiðlum, aðallega á facebook en einnig á instagram. Einhverjar fréttir eru aðeins birtar á samfélagsmiðlum og jafnframt hafa instagram- og facebook sögur verið notuð fyrir miðlun upplýsinga af daglegu starfi samtakanna.

Fylgjendum á facebook fjölgaði úr 1400 í upphafi árs 2022 í rúmlega 1700 í lok árs. Að meðaltali ná færslur sem þar er deilt til um 1000 manns.

Fylgjendum á instagram hefur jafnframt fjölgað jafnt og þétt og voru í lok árs 2022 um 540.

## Ráðstefnur og viðburðir

### Starfamessa

Starfamessa Norðurlands vestra var haldin í bóknámshúsi FNV á Sauðárkróki þriðjudaginn 22. nóvember sl. Hún var haldin fyrst árið 2017.

Markmiðið með starfamessunni er að kynna fyrir ungmennum framtíðarstörf á Norðurlandi vestra með áherslu á iðn-, verk-, tækni- og raungreinar. Á viðburðinn er boðið öllum 8. - 10. bekkjum grunnskólanna á Norðurlandi vestra auk nemenda úr FNV.

Hér er sannarlega um að ræða ánægjulegt samstarfsverkefni þar sem Fjölbrotarskóli Norðurlands vestra, grunnskólar svæðisins, og fjöldi fyrirtækja leggja sín lóð á vogaskálarnar til að ungmennin á svæðinu geti spáð í sína framtíðarmöguleika með mjög ápreiðanlegum hætti. Verkefnið var eitt af áhersluverkefnum Sóknaráætlunar.

### Orka, atvinnumál og nýsköpun

Í tengslum við 6. haustþing SSNV var haldin ráðstefnan Orka, atvinnumál og nýsköpun. Vilhjálmur Árnason, alþingismaður og formaður Umhverfis- og samgöngunefndar opnaði ráðstefnuna. Þá fjallaði Ragnar K. Ásmundsson, verkefnastjóri Orkusjóðs og orkuverkefna um helstu verkefni Orkusjóðs um þessar mundir og fór meðal annars yfir orkuskipti í þungaflutningunum og áskorunum í tengslum við það. Valtýr Þórisson, forstöðumaður áætlanadeildar Vegagerðarinnar, kynnti verkefni varðandi uppbyggingu hjólastíga um land allt og á Norðurland vestra mikið inn hvað það varðar í öllum sveitarfélögum.

Ragnhildur Friðriksdóttir, sérfræðingur hjá Byggðastofnun fjallaði um áhrif loftlagsbreytinga á sveitarfélög og Pálmi Freyr Randversson, framkvæmdastjóri Kadeco fór yfir uppbygginguna við Keflavíkurflugvöll.

Magnús Barðdal, verkefnastjóri fjárfestinga hjá SSNV og Anna Lind Björnsdóttir, verkefnastjóri SSNE kynntu samstarfsverkefnið Norðanátt og þá miklu grósku sem finna má í nýsköpun á Norðurlandi og mikilvægi samvinnu. Katrín M. Guðjónsdóttir, framkvæmdastjóri SSNV lokaði ráðstefnunni.





## Vörðum leiðina saman

Innviðaráðuneytið og landshlutasamtök sveitarfélaganna buðu íbúum allra landshluta til opins samráðs á fjarfundum undir yfirskriftinni Vörðum leiðina saman. Fimmtudaginn 20. október 2022 var fundur fyrir íbúa Norðurlands vestra. Vel var tekið í framtakið og mæting með ágætum.

## Vinnustofa um sameiginlega svæðisáætlun Norðurlands um meðhöndlun úrgangs

SSNV og SSNE í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga stóð fyrir rafrænum fundi og vinnustofu um framtíðarstefnu Norðurlands í sameiginlegri svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Norðurlandi. Núverandi áætlun gildir til ársins 2026 og er gerð til 12 ára í senn en þessi vinna er nauðsynleg sem hluti af endurskoðun hennar.



## Vinnustofa um úrgangsmál

Miðvikudaginn 1. apríl var haldin vefráðstefna um úrgangsmál í breiðum skilningi í samvinnu við SSNE. Ráðstefnan var lokahnykkurinn á störfum starfshóps SSNV og SSNE sem hafði til skoðunar framtíðarskipan úrgangsmála á Norðurlandi. Í vinnu hópsins var fjallað um úrgangsmál svæðisins og m.a. greindir úrgangsstraumar og tækifæri til að ná auknum árangri og hagræðingu í þessum viðamikla málaflokki. Á ráðstefnunni voru haldin fjölmörg áhugaverð erindi, m.a. um niðurstöður greiningar á úrgangsmálum á Norðurlandi, útflutning á sorpi, afsetningu lífræns úrgangs, úrgangsstjórnun hjá fyrirtækjum, líforkuver, smartvæðingu sorps, hringrásarhagkerfið, sjónarhorn sveitarfélags og fyrirtækis sem hafa náð árangri í úrgangsmálum o. fl. Guðmundur Ingi Guðbrandsson umhverfis- og auðlindaráðherra opnaði ráðstefnuna.

## Skúnaskrall

Barnamenningarhátíðin Skúnaskrall var haldin frá 25. apríl til 14. maí 2022 um allt Norðurland vestra. Haldnir voru á annað hundrað viðburða sem fóru m.a. fram á Reykjum, Hvammstanga, Húnavöllum, Blönduósi, Skagaströnd, Sauðárkróki, Varmahlíð, Hólum og Hofsósi. Ókeypis aðgangur var að öllum viðburðum sem voru fjölbreyttir og fyrir börn og ungmenni á öllum aldri. Hluti viðburðanna var haldinn í skólabyggingum og í samstarfi við skólastjórnendur á skólatíma, til að tryggja að öll börn fengju aðgang. Hátíðin var vel kynnt og ágætlega sótt á flestum stöðum.

Skúnaskrall er fyrsta barnamenningarhátíðin sem haldin hefur verið í landshlutanum, með á annað hundrað viðburða fyrir og með börnum og ungmennum um allan landshlutann. Covid setti strik í reikninginn því upphaflega átti að halda hátíðina 2021 en henni var frestað til ársins 2022.

Hátíðin er afrakstur áhersluverkefnis sem byrjaði árið 2020 og var stýrt af verkefnastjórn sem skipuð og stýrt af SSNE. Ráðinn var verkefnastjóri til verksins. Verkefnið hlaut styrki frá Barnamenningarsjóði, Samfélagssjóði Landsvirkjunar, Samfélagssjóði Kaupfélags Skagfirðinga og Uppbyggingarsjóði Norðurlands vestra.

Hátíðin þótti takast vel til og úrval viðburða og vinnusmiðja fjölbreytt og vel sótt. Boðið var meðal annars upp á listasmiðjur, BMX listir, töfra, hreyfingu og viðburði miðaða að börnum og ungmennum.



# Ársreikningur